

Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2012 þann 7. mars kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Sara Stefánsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Brynja D. Hermannsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Harpa M. Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Pétur Már Guðmundsson og Hrannar Þór Rósarsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Skóladagatal.** Lögð fram drög að skóladagatali fyrir skólarárið 2012-2013, drögin höfðu verið unnin í grunninn sem eftirmynd núverandi skóladagatals, skólasetning og vetrarfrí samræmd með öðrum skólum bæjarins og síðan gerðar ýmsar breytingar í meðförum kennarafundar. Töluverðar breytingar voru gerðar á dagatalinu í meðförum skólaráðs, flestar eru þær að tillögu fulltrúa foreldra og miða þær að því að ná meiri samfelli í frídaga nemenda og fækka þeim nokkuð, þ.e. að "gulir dagar" séu þannig að allir nemendur mæti í skólann. Skóladagatalið fer aftur til meðferðar á kennarafundi og síðan til endanlegrar staðfestingar í skólaráði.
- 2. Næsta skólaár.** Rætt um útlit og horfur fyrir næsta skólaár. Fyrirséð er að ráða þarf 5-6 kennara að skólanum vegna fjölgunar nemenda, fæðingar- og námsorlofa. Skólastjóri mun á næstu dögum og vikum, í samráði við starfsmenn skólans, vinna að hugmyndum að uppsetningu stundaskrár, niðurröðun í teymi, fyrirkomulagi sérgreinakennslu o.s.frv. Ábendingar komu fram um fyrirkomulag frímínútna o.fl. Innan bæjarkerfisins eru í gangi hugmyndir um að flýta frágangi á miðrými húsnæðisins (matsal og samkomusal) þannig að það verði tilbúið næsta vetur en ekkert hefur verið ákveðið varðandi það enn sem komið er. Ef af verður yrði það hins vegar mikil bylting fyrir skólann í húsnæðismálum að mjög mörgu leyti. Kynntar hugmyndir að búnaðarkaupum, m.a. hvað varðar húsgögn fyrir unglíngadeild skólans, matsal o.fl.
- 3. Umsóknir í Sprotasjóð.** Kynntar umsóknir frá skólanum um styrki úr Sprotasjóði. Sótt var um styrki til tveggja verkefna og varða þau Jákvæðan aga og kennsluhætti á unglíngastigi.
- 4. Önnur mál**
 - a. Námsmat.** Rætt um notkun á verkefnabókum í mentor s.s. mikilvægi þess að halda þar til haga upplýsingum um lestrarhraða o.fl. Einnig bent á að eftir er að færa einkunnir úr samræmdum prófum inn í mentor o.fl. varðandi námsmatsupplýsingar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið um kl. 9:30

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð